

Íslensk tunga og máltækni

Undanfarnar vikur og mánuði hefur átt sér stað mikil og þörf umræða um stöðu íslenskrar tungu. Það er helst tvennt sem hefur kynt undir þessa umræðu. Í fyrsta lagi starfar nú margt fólk af erlendu bergi brotið í verslunum og öðrum fyrirtækjum hér á landi. Í mörgum tilvikum talar það ekki íslensku og grípur því til ensku í samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Í öðru lagi hefur a.m.k. eitt stórt íslenskt fyrirtæki í fjármálageiranum lýst því yfir að það kunni að reynast óhjákvæmilegt að taka upp ensku sem vinnumál innan vébanda þess. Áhrif ensku fara því vaxandi á Íslandi (sem víða annars staðar í heiminum) og því er eðlilegt að umræða eigi sér stað um hvaða afleiðingar það getur haft fyrir íslenska tungu. Þetta málefni var m.a. rætt á Alþingi fyrir nokkrum vikum þar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagðist myndu beita sér fyrir því að tryggja stöðu íslenskunnar í stjórnarskrá.

Fullyrða má að áhrifaríkasta leiðin til að tryggja áfram notkun íslensku á öllum sviðum þjóðlífsins er sú að kenna innflytjendum og starfsmönnum, sem hingað koma til skemmri tíma, íslensku. Stjórnvöld gera sér einmitt fyllilega grein fyrir þessu; á þessu ári hefur menntamálaráðuneytið þannig veitt samtals 200 milljónum króna til íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Íslendingar verða jafnframt að líta í eigin barm. Sagt er að íslenskukunnáttu fari hrakandi hjá nemendum og verð ég vissulega var við það í starfi mínu sem háskólakennari. Skólakerfið í heild ber hér verulega ábyrgð en hver og ein fjölskylda verður að sjá til þess að meðlimir hennar hlúi að móðurmálinu; í þeim tilgangi er lestur bóka örugglega áhrifaríkasta leiðin. Stjórnvöld verða einnig að sýna gott fordæmi. Ljóst er að dagur íslenskrar tungu, sem haldinn er 16. nóvember ár hvert, stuðlar mjög að því að halda umræðunni á lofti og vekja fólk til umhugsunar um stöðu móðurmálsins.

En í umræðunni um stöðu íslenskunnar er eitt mikilvægt svið sem vill gleymast. Það svið er máltækni (tungutækni) – rannsóknar- og þróunarsvið sem hefur það að markmiði að smíða tölvukerfi sem geta unnið með og skilið náttúruleg tungumál og stuðlað að notkun þeirra í samskiptum manns og tölvu. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Íslendinga að hafa yfir að ráða hugbúnaði sem getur unnið með íslenskuna því að ella er hætt við því að tölvunotendur muni í framtíðinni nýta sér í staðinn hugbúnað fyrir enska tungu. Ekki þarf að fjölyrða um hvaða afleiðingar það hefði fyrir íslenskuna þegar til lengdar lætur. Hér er t.d. átt við hugbúnað fyrir orðflokkagreiningu, setningagreiningu, vélrænar þýðingar, talgreiningu o.s.frv.

Í skýrslu, sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið á árunum 1998–1999, var lagt til að átak yrði gert til að efla máltækni á Íslandi enda væru Íslendingar að dragast verulega aftur úr öðrum þjóðum á þessu sviði (sjá www.tungutaekni.is/news/Skyrsla.pdf). Í kjölfarið var sérstakt verkefni, *Tungutækniverkefni menntamálaráðuneytisins*, sett á laggirnar. Það stóð frá 2001–2004 og í lok þess hafði 133 milljónum verið varið í ýmiss konar verkefni á sviði máltækni (sjá <http://www.tungutaekni.is/news/samspil.pdf>).

Af hálfu stjórnvalda var litið svo á að máltæknin ætti í lok verkefnisins að vera komin á það stig að hún þyrfti ekki lengur sérstakan stuðning heldur gæti hún sótt um styrki í hið almenna rannsóknarstyrkjakerfi. Þetta held ég að sé varhugaverð afstaða því að einn mikilvægasti þátturinn hefur orðið út undan, þ.e. menntun á máltæknisviðinu. Nágrannarþjóðir okkar hafa einmitt stutt dyggilega við menntun í máltækni. Hér má t.d.

nefna bæði Svía og Finna sem hafa veitt árlega styrki til doktorsnema í máltækni, Svíar frá árinu 2000 og Finnar frá árinu 2002.

Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands hafa nú (frá og með hausti 2007) með sér samstarf um meistaranám í máltækni (sjá <http://nlp.ru.is/meistaranam.htm>). Fyrir framtíð máltækni á Íslandi er mjög mikilvægt að það takist að mennta fólk á þessu sviði sem getur stjórnað máltækniverkefnum hjá einstökum fyrirtækjum eða unnið að rannsóknum í háskólasamfélaginu. Ég skora hér með á íslensk stjórnvöld að fara að fordæmi nágrannabjórðanna – stuðla að menntun og rannsóknum á sviði máltækni og setja í því skyni á laggirnar nýtt tungutækniverkefni. Það er ekki síður mikilvægt að styrkja nemendur í rannsóknarnámi, sem miðar að því að gera íslenska tungu gjaldgenga í upplýsingatæknibjóðfélaginu, en að veita styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Höfundur er lektor við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík